

NEED TO CONNECT



Eining 4 - Vitsmunaproski barna

Samkvæmt Jean Piaget

Project Nr. 2021-1-IS01-KA220-YOU-000028985

DATE



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

The European Commission's support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



Efni

**Þetta námsefni fæst við líkamleg,
vitsmunaleg, tilfinningaleg og
félagsleg persónueinkenni barna á
aldrinum 0-7 ára.**

The 6 Stages of Play



Unoccupied Play

0-3 months

When baby is making movements with their arms, legs, hands, feet, etc. They are learning about and discovering how their body moves.



Solitary Play

0-2 years

When a child plays alone and are not interested in playing with others quite yet.



Spectator/ Onlooker Behavior

2 years

When a child watches and observes other children playing but will not play with them.



Parallel Play

2+ years

When a child plays alongside or near to others but does not play with them.



Associate Play

3-4 years

When a child starts to interact with others during play, but there is not much cooperation required. *For example, kids playing on the playground but doing different things.*



Cooperative Play

4+ years

When a child plays with others and has interest in both the activity and other children involved in playing.



Markmið

- Skilja mismunandi stig þroska barna.
- Skilja og vera meðvitaður um þáttaskil í lífi barnsins.
- Meiri skilningur á barni þínu.



SKYNHREYFISTIG

Fyrsta ár barns þíns í heiminum

Hægt er að skipta skynhreyfistiginu í 6 áfanga:

1. Viðbrögð (0-1 mánaða)
2. Endurteknar aðgerðir (1-4 mánaða)
3. Endursköpun niðurstaða (4-8 mánaða)
4. Samræming aðgerða (8-12 mánaða)
5. Nýjar leiðir uppgötvaðar (12-18 mánaða)
6. Tilkoma ímyndunarafls og skilnings á tilvist hluta (18-24 mánaða)



Viðbrögð (0-1 mánaða)

Barnið fer að tengjast nærumhverfi sínu með viðbrögðum sem eru aðallega:

- Horfa
- Sjúga

Þrjú aðalmarkmið Jean Piaget eru að kreppa hnefa, fylgja hlutum á hreyfingu og að sjúga hluti.



Endurteknar aðgerðir (1-4 mánaða)

“The child is discovering the world and its self”

Á þessu stigi fer barnið að uppgötva hreyfingar sem þeim finnast ánægjulegar og endurtekur þær. Sú umbreyting frá viðbragðsstigi er að barnið gerir þessa hluti meðvitað.

Merkir áfangar þessa stigs eru:

- Hreyfa fingur til og frá
- Sparka út í loftið
- Sjúga þumlana sína



Endursköpun niðurstaða (4-8 mánaða)

Barnið ætti að fara eiga samskipti við umhverfi sitt

Á þessu stigi byrjar barnið að eiga við hluti í sínu nærumhverfi. Fyrst eru þessir samskipti ómeðvituð en smám saman verða þau meðvituð og börnin endurskapa þau og niðurstöður þeirra samskipta.

Barnið verður virkara á þessu stigi og hefur ánægju af því að láta hluti gerast í nærumhverfi sínu.



Samræming aðgerða (8-12 mánaða)

Á þessu stigi byrjar barnið að skipuleggja og samræma aðgerðir, t.d. að finna hlut sem það vill finna að eða að skríða í átt að dóti sem er hinu megin í herberginu.

Á þessu stigi getur barnið einnig:

- Notið þess að vera í einföldum leik.
- Byrjað að skilja orð, svarað þeim eða reynt að herma eftir þeim.
- Snúa sér og horfa þegar þau heyra í einhverju.





Nýjar leiðir uppgötvaðar (12-18 mánaða)

Á þessu stigi hefur barnið byrjað sína könnun á umheiminum. Barnið fer að hafa gaman af því að taka sundi í hlutur og gera prófanir á hlutum í nærumhverfi sínu.

Barnið gæti verið farið að svara og fylgja einföldum leiðbeiningum, nota frasa, notið þess að hlusta á tónlist eða bækur og sögur.

Skynhreyfistig vitsmunaproska

1. Endurteknar aðgerðir (1-4 mánaða) byrja að endurtaka ánægjulegar aðgerðir.
2. Endursköpun niðurstaða og samræming aðgerða (4-12 mánaða) endurtekur vísitandi aðgerð sem framkallar einhverja svörun, s.s. hringla/hrista.
3. Nýjar leiðir uppgötvaðar (12-18 mánaða) leitaraðferð (e. trial and error).





Tilkomu ímyndunarafls og skilnings á tilvist hluta (18-24 mánaða)

Á þessu stigi hefur barnið byrjað á því að bera kennsl á tákni/merki (e. symbol). Til dæmis myndar barnið tengsl á milli dótasíma og alvöru síma.

Barnið er einnig fært um að hugsa um umheiminn. Það skilur að hlutir geta verið til þrátt fyrir að sjá þá ekki.

Orðaforði barnsins ætti að vera stækka umtalsvert á þessu stigi.





Flest börn kunna skil á þessum hlutum fyrir 1 árs aldur:

- Horfa og bera kennsl á hvaðan hljóð kemur
- Horfa þangað sem þú bendir
- Segja “ba-ba” og “mama” við pabba og mömmu.
- Sýna viðbrögð/svara nafni sínu alla jafna
- Hjala með tónfalli
- Geta sagt a.m.k. 1 orð
- Vinka bless
- Skiptast á að “tala” saman
- Benda á hluti sem það vill fá sem er þeim óaðgengilegt og gera hljóð með þegar það bendir.



Flest börn kunna skil á þessum hlutum fyrir 2 ára aldur:

- Benda á marga líkamshluta og algenga hluti
- Geta sagt um 50-100 orð
- Gera sig skiljanlegt
- Benda á myndir í bókum
- Njóta þess að vera í þykjustuleik (elda, þrífa o.s.frv.)
- Koma með hluti til þín til að sýna þér
- Fylgja fyrirmælum án handabendinga sem hafa 1 skref
- Segja nokkrar 2ja orða setningar og frasa
- Benda á hluti og segja hvað þeir heita



Að leika við barnið þitt

Hlutfestileikir

Leikir eins og feluleikur geta hjálpað barni þínu að skilja hlutfesti í gegnum leik en einnig stuðlað að skilningi á orsakasamhengi.

Með lítil börn er hægt að setja hendur eða tusku fyrir andlit sitt. Ef barnið er nógu gamalt má leyfa því að taka tuskuna eða hendurnar frá til að leiða í ljós andlitið þitt.

Með aðeins eldri börnum er hægt að fara í feluleik, t.d. Máttu þú fara í bakvið stól, hurð eða einhvers staðar sem þú getur fengið að fela sig á. Þú getur fagnað þeim og klappað þeim þegar þeim tekst að finna þig og hvettu þau til að fela sig sjálf.





Leikir og skemmtun

Snertileikir

Að leyfa barninu þínu að leika með hluti sem þau geta haft áhrif á hjálpar þeim að skilja nýja skynjun, auka hreyfigetu og sköpunargáfu.

Hvettu barnið þitt til að leika sér með leir, puttamálningu, vatn og froðu.

Leikið saman með stóra tóma skál, bolla og vatn þar sem vatninu er komið á hreyfingu.



Foraðgerðarskeið 2-7 ára

Á þessu stigi lífs læra börn að taka þátt í táknrænum leikjum, læra að meðhöndla hluti, t.d. notkun kústskafts sem hest. Tungumálið leikur stóran þátt á þessu stigi og börn þróa tungumálakunnáttu sína.

Á þessu stigi geta börn þó ekki stutt sig við heilsteypta rökfræði og skilja ekki sjónarhorn annarra.



Miðlægni og varðveisla

Barnið þitt gæti átt það til að einblína á einn þátt viðkomandi ástands. Þegar barnið þitt getur farið að einblína á fleiri þætti en einn í einu hafa þau þannig eiginleika að aftengja sig miðlægninni (e. decentre).

Dæmi um þetta er þegar barn hefur tvö glös, annað er hærra en hitt er breiðara. Barnið nær aðeins að einblína á þá staðreynd að annað glasið er stærra en hitt (og því meira í því), en getur ekki metið að hitt sé á sama tíma breiðara.



Sjálfhverfa

Barnið þitt getur bara hugsað um einn hlut upp að 4 ára aldri, um sig sjálft.

- Þetta þýðir að barnið heldur að þú heyrir, sjáir og líður eins og því líður. Hins vegar byrjar barnið að þróa þann eiginleika að skilja sjónarhorn annarra um 4 ára aldur.





Táknræn framsetning

Á þessu stigi mun barnið þitt að byrja nota táknræna framsetningu til að tákna eitthvað annað. Sem dæmi nota börn leir, lega eða þ.u.l. til að búa til eitthvað sem tákna flugvélar, hús o.s.frv. í leik sínum.



Táknræn framsetning

Rannsóknir benda til þess að flækjustig bygginga barna geti verið vísbending þeirra táknrænu framsetningar. Sem dæmi getur barn sem er beðið um að byggja hús úr lego kubbum gert einfaldara hús en eldra barn.

Táknræna framsetning barnanna getur því verið góð vísbending hvað þroskastig þeirra varðar.



Foraðgerðarhugsun - andatrú

Barnið þitt mun fara í gegnum nokkur stig
foraðgerðarhugsunar. Þetta er sú trú að allir
hlutir hafi sál eða anda - séu lifandi.

Dæmi um þetta er sú trú að bangsinn sé lifandi,
eða að stóllinn sem datt og rakst í þig sé vondur
o.s.frv. Þetta er aðallega í kringum 2ja ára
aldurinn. Börn gera þetta sjaldan eftir 3ja ára
aldurinn.



Fjögur stig foraðgerðarhugsunar



1. Barnið telur alla hluti sem til eru á einhvern hátt vera á lífi.
2. Barnið gæðir öllum hlutum á hreyfingu lífi.
3. Barnið telur allt sem hreyfist af sjálfdáðum vera á lífi, annars ekki.
4. Barnið telur einungis fólk, dýr og plöntur vera á lífi.

Leikur

Í upphafi stigs formlegra aðgerða gæti barnið þitt verið í leik við hliðina á öðru barni en ekki með því. Hins vegar mun leikurinn fara í gegnum margar breytingar, barnið byrjar að nota rödd sína sem tól til að tengjast öðrum börnum og fullorðnum og verið með þeim í leik.

Seinna á þessu stigi fara börn oft í þykjustuleik þar sem þau leika mömmu, pabba, lækni o.s.frv.



Uppbyggilegur leikur

Uppbyggilegur leikur er þegar börn meðhöndla hluti til þess að búa eitthvað til. Þetta gerir börnum kleift að skilja heiminn betur sem er mikilvægt þegar barnið þroskast og eflir; ímyndunarafl, lausnamiðun, fínhreyfingar og sjálfstraust.





Leikföng á þessu stigi

- Dúkkur
- Búningar
- “Small world toys” – hlutir til að byggja sinn eigin heim.
- Frumeiningar eins og kubbar til að byggja hús.
- Vaxlitir, blýantar og litir, pennar og pappir til að teikna á.
- Myndabækur og harðar pappabækur á meðan þau eru lítil.




Hvaða leiki er hægt að fara í með barninu



- Hlutverkaleikur er góð æfing fyrir barnið til að komast yfir sjálfhverfuna með því að setja sig í fótspor annarra.
- Að leyfa barninu þínu að leika sér með efni sem geta breytt um form og að barnið átti sig á því hvernig hlutirnir geta breyst. Jafn margir kubbar geta verið mörg ólík form, sama magn af leir getur verið bolti og hús, hringur og kassi.
- Þroska táknræna framsetningu hluta með því að leyfa börnum að búa til form eða stafi úr leir t.a.m.

Tungumálið og vitsmunalegir mílusteinar 2-3ja ára barna

- Tekur eftir öðrum börnum og sameinast þeim í leik
- Táknrænn leikur, t.d. Að nota kubba til að búa til bíl
- Gerir skil á algengum hlutum og myndum
- Á við þig samtöl þar sem það skiptist á að tala a.m.k. tvisvar (fram og til baka)
- Byggir turn með 5-7 hlutum
- Tekur þátt í þykjustuleik
- Getur almennt gert sig skiljanlegt og átt samskipti við önnur börn
- Fylgir fyrirmælum tveggja til þriggja skipana
- Getur gert grein fyrir hlutum sem eru sameiginlegir eða ólíkir



Tungumálið og vitsmunalegir mílusteinar 4-5 ára barna



- Telja hluti upp í 10 eða meira
- Geta nefnt a.m.k. fjóra liti og þrjú form
- Þekkja suma stafi og mögulega skrifað nafnið sitt
- Aukinn skilningur á tíma og skipulagi daglegra gjörða
- Njóta þess að vera í þykjustuleik
- Koma með hluti til þín til að sýna þér
- Nota framtíð
- Fylgja fyrirmælum í 2-3 hlutum
- Skilningur á hversdagslegum hlutum eins og mat og peningum

Tungumálið og vitsmunalegir málusteinar 6-7 ára barna



- Hefur orðaforða uppá nokkur þúsund orð
- Hefur aukna og lengri athygli
- Rökrétt hugsun og er hugulsamur og hugsandi
- Skilur röksemdarfærslur og getur tekið upplýsta ákvörðun
- Kann á klukku, dagana, mánuðina og árstíðirnar
- Getur lýst tveimur hlutum og hvað er sameiginlegt með þeim
- Skilur að stafir merkja mismunandi hljóð sem búa til orð
- Geta til að leysa flóknari vandamál en áður
- Hefur þróaðri sjálfsvitun